



## Formannafundur Aftureldingar miðvikudaginn 6. mars 2019

Haldinn í Vallarhúsi Aftureldingar að Varmá kl. 18.00

Frá aðalstjórn: Birna Kristín Jónsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon, Geirarður Long, Blakdeild – Guðrún Kristín Einarsdóttir, Guðbrandur Pálsson, Kristín Inga Guðmundsdóttir, Jórunn Edda Hafsteinsdóttir.

Fimleikadeild – Erla Edwardsdóttir

Frjálsíþróttadeild – Ingvi Jónsson

Handknattleiksdeild – Bernharð Eðvarðsson,

Knattspyrnudeild – Ásbjörn Jónsson, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, Geir Rúnar Birgisson.

Sunddeild – Jón Ágúst Brynjólfsson

Taekwondodeild – María Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Ragheiður Gísladóttir, Ingileif Leifsdóttir

Skrifstofa – Jón Júlíus Karlsson og Hanna Björk Halldórsdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Landsmót UMFÍ 2020

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, mætti til fundarins og kynnti Landsmót UMFÍ fyrir formönnum Aftureldingar. Hugur félagsins kannaður til verkefnisins. Fram fóru góðar umræður um verkefnið og ákveðið að kanna hug deilda félagsins til þess að halda mótið sumarið 2020. Deildir skila inn formlegri ályktun frá hverri deild til framkvæmdastjóra mánudaginn 11. mars næstkomandi. Málið tekið áfram í framhaldi af því og UMSK gert viðvart um niðurstöðu félagsins gagnvart móthaldi á landsmóti UMFÍ fyrir 15. mars.

### 2. Vallarhúsið að Varmá

Fundurinn fór fram í endurbættu Vallarhúsi að Varmá. Birna Kristín formaður þakkaði sjálfboðaliðunum fyrir mikla fornfýsi og frumkvæði að því að hefja þessa mikla vinnu við endurbætur á félagsaðstöðu félagsins. Vinnu við húsið ekki lokið og en stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á næstu dögum. Það er mikil lyftistöng fyrir allt félagið að félagsaðstaðan batni til mikilla muna.

### 3. Hugmyndasamkeppni um Varmásvæðið

Birna Kristín kynnti ákvörðun af samráðsvettvangi Aftureldingar og Mosfellsbæjar. Þar var samþykkt að fara í hönnun á Varmásvæðinu og að haldin verði hugmyndasamkeppni um hvernig svæðið muni líta út til næstu áratuga. Þannig megi hefja starx uppbyggingu á svæðinu til framtíðar í sátt innan Aftureldingar og í samstarfi við Mosfellsbæ. Verkefnið væntanlega betur kynnt í tengslum við 110 ára afmæli Aftureldingar í apríl.

Framkvæmdastjóra falið að safna saman greinagerðum frá deildum félagsins um þarfagreiningu til næstu ára.

### 4. Sport Abler

Umræða um hugbúnaðinn Sport Abler fór fram á fundinum. Jón Júlíus kynnti stuttlega hugbúnaðinn sem er nú þegar notaður af fimleikadeildinni. Ekki er tekin greiðsla fyrir noktun á hugbúnaðinum í dag en stefnt er að gjaldtöku í náinni framtíð. Afturelding hefur óskað eftir að fá gjaldskrá frá Sport Abler en hún hefur enn ekki verið gefin út. SportAbler hefur marga jákvæða kosti sem félagið telur að geti nýst

vel í að bæta starf félagsins. Málið tekið til umræðu og ákveðið að félagið leggi ekki áherslu á það við deildir félagsins að innleiða SportAblar fyrr en niðurstaða um gjalddöku liggur fyrir. Jafnframt óskað eftir því að fá upplýsingar um verðskrá um leið og hún liggur fyrir.

## 5. Önnur mál

Rætt var um að taka í noktun leikkort fyrir stjórnarfolk í Aftureldingu á alla leiki á vegum félagsins. Framkvæmdastjóra falið að skoða það mál með formönnum meistaraflokksráða.

110 ára afmæli Aftureldingar var kynnt stuttlega. Það fer fram 11. apríl næstkomandi og verður haldin hátíðaraðalfundur í Hlégarði. Nánari dagskrá kynnt síðar.

Gerð voru skil á breytingum á skrifstofu. Ásdís Jónsdóttir lét af störfum sem fjáramálafulltrúi þann 1. mars sl. Ákveðið hefur verið að auglýsa eftir starfsmanni í fullt starf fjármálafulltrúa og taka um leið bókhald heim sem var útvistað á síðasta ári.

Fundi slitið kl 19:30  
Birna Kristín Jónsdóttir  
(sign).